

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands 2010

24. mars 2010 – Hótel Stykkishólmur.

Fundur settur kl: 22:05

Mættir voru: Björgvin Eggertsson [formaður], Harpa Dís Harðardóttir [gjaldkeri], Bjarni D. Sigurðsson [ritari], Björn B. Jónsson, Böðvar Guðmundsson, Brynjólfur Jónsson, Valgerður Erlingsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Else Möller, Sigríður Elefssen, Lilja Magnúsdóttir, Sæmundur Þorvaldsson, Steinar Björgvinsson, Sherry Curl, Þróstur Eysteinnsson, Sigvaldi Ásgeirsson, Hallgrímur Indriðason, Þorbergur Hjalti Jónsson, Arnór Snorrason, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Bergsveinn Þórsson.

Björn var valinn fundarstjóri og Bjarni Diðrik ritari fundarins.

Fundarstjóri fór fram á breytingu á dagskrá, með því að bæta við liðnum „Inntaka nýrra félaga“. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

1. Skýrsla stjórnar fyrir 2009-2010 (skýrslan er öll í viðauka)

Björgvin fjallaði um störf stjórnar á árinu. Stjórn hélt tvo formlega stjórnarfundum á starfsárinu, auk óformlegra samskipta. Henni tókst að ljúka öllum þeim verkum sem hún hafði sett sér í starfsáætlun á síðasta aðalfundi:

a. Koma heimasíðu félagsins í loftið (www.skogfraedi.is) – og auka með henni sýnileika félagsins og efla samskipti og fréttaflokkning bæði innan félags sem utan. Heimasíðan fór í loftið þann 25. janúar 2010.

b. Fjölskylduferð í Haukadal 27. júní (sjá myndasíðu).

d. Tvö fræðslunámskeið í samstarfi Skógfræðingafélagsins og LbhÍ voru haldin. Það var jarðvegsfræðinámskeið fyrir skógfræðinga og fleiri og námskeið um notkun fjölbreytugreininga í rannsóknnum á lífríki skóga og annarra vistkerfa.

c. Þjóða þeim 35 skógfræðingum inngöngu í félagið sem námsmatsnefnd var búin að fjalla um, með sérstöku bréfi.

Níu einstaklingar skráðu sig í félagið á árinu. Agnes Brá Birgisdóttir, Bergsveinn Þórsson, Brynjólfur Jónsson, Friðrik Aspelund, Harpa Dís Harðardóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Sherry Curl, Sigurður Blöndal, Þróstur Eysteinnsson.

d. Semja reglur um Gunnarssjóð í samráði við fjölskyldu Gunnars heitins Freysteinnssonar og gerast verndari Gunnarslundar (sjá síðar).

Björgvin sat fund um mögulega þátttöku skógfræðinga í útgáfu Búfræðingatals í húsnæði Bændasamtaka Íslands (sjá síðar).

Bjarni Diðrik kynnti nýja heimasíðu félagsins og var gerður góður rómur að henni af félagsmönnum.

Björgvin kynnti drög að reglum um Gunnarssjóð sem stjórn hefur útbúið í nánú samstarfi við fjölskyldu Gunnars og sem stefnt var á að kynna og vonandi samþykkja formlega á fundinum. Hann reifaði jafnframt tölvupóst sem barst frá Sigrúnu Sigurjónsdóttur í Noregi daginn fyrir aðalfundinn, en henni höfðu verið send drögin. Sigrún hefur séð um minningarféð um Gunnar sem renna átti í sjóðinn. Hún hafði nokkrar athugasemdir við drögin. Drögunum að reglum dreift og spunnust talsverðar umræður um þau og ábendingar Sigrúnar. Arnór lagði til að hluti árgjalda Skógfræðingafélagsins verði lagður í Gunnarssjóð til að efla sjóðinn. Bjarni Diðrik lagði til að málinu væri vísað til næstu stjórnar; að hún ljúki við drögin að lögunum, kynni Sigrúnu og beri upp á næsta aðalfundi. Samþykkt.

2. Gjaldkeri leggur fram reikninga fyrir 2009 (Harpa Dís)

Harpa Dís lagði fram reikninga félagsins, sem staðfestir höfðu verið af Böðvari, skoðunarmanni reikninga. Samþykktir.

3. Inntaka nýrra félaga

Lilja Magnúsdóttir, Sigríður Elefssen, Else Möller, Sæmundur Þorvaldsson, Steinar Björgvinsson óskuðu eftir aukaaðild að félaginu, en þau eru öll í BS eða MS námi við skógfræðibraut LbhÍ. Þau voru boðin velkomin í félagið (með aukaaðild) af fundarmönnum.

4. Val heiðursfélaga

Stjórn lagði til að Sigurði Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóra, væri boðið að gerast heiðursfélagi, en hann gekk í félagið á árinu. Samþykkt með lófataki. Nýrri stjórn er falið að láta Sigurð vita af þessu.

Björgvin minnti á að í fundargerð aðalfundar frá 2006 var ákveðið að bjóða hópi manna að verða heiðursfélagar í félaginu. Björn vakti athygli á því að það þyrfti að breyta lögum félagsins um heiðursfélaga til að gera þetta. Þar stendur nú að félagsmenn verði heiðursfélagar þegar þeir komast á eftirlaun. Nýrri stjórn falið að breyta lögum félagsins á næsta aðalfundi til að það stangist ekki við lög félagsins að bjóða þeim sem ekki eru þegar félagar heiðursaðild að félaginu.

5. Skýrsla námsmatsnefndar 2009

Þorbergur Hjalti flutti skýrsluna. Tveir höfðu samband fyrir síðasta aðalfund (2009). Þeir voru báðir á 35 nafna listanum og því voru umsóknir þeirra ekki teknar til formlegrar afgreiðslu. Engar nýjar umsóknir hafa borist síðan á síðasta aðalfundi.

6. Skýrsla endurmenntunarnefndar 2009

Björn flutti skýrsluna. Björn þakkaði Björgvini fyrir að standa fyrir tveimur námskeiðum. Endurmenntunarnefnd/Suðurlandsskógar sömdu við danska Landbúnaðarháskólann um þrjú námskeið á sínum tíma og hafa tvö þeirra farið fram en því þriðja sem var á dagskrá 2009 var frestað vegna aðstæðna í þjóðfélaginu eftir efnahagshrunið haustið 2008. Nú er búið er að sækja um í Leonardo starfsmenntasjóðinn fyrir 18 manns. Stefnt er á að ef styrkurinn fæst þá fari jafn margir og styrkirnir verða, þannig að kostnaður á hvern og einn verði í lágmarki. Námskeiðið yrði þá í haust. Efni þessa námskeiðs er „Tækninýjungar í skógrækt og skipulagi“.

Valgerður og Norðurlandsskógar með metnaðarfullt námskeið um skógrækt og landslag með Simon Bell í maí í vor. Félagið óskar henni til hamingju með framtakið.

7. Ákvörðun árgjalds

Stjórn leggur til að árgjaldið verði lækkað. Þorbergur Hjalti leggur til að árgjald verði óbreytt. Samþykkt óbreytt árgjald fyrir 2011, 3000 kr.

8. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar eru fyrirhugaðar að þessu sinni.

9. Stjórnarkjör

Aðalsteinn Sigurgeirsson, formaður
Brynjólfur Jónsson, ritari
Arnór Snorrason, gjaldkeri
Meðstjórnandi, Þorbergur Hjalti.

Samþykkt með lófataki.

Námsmatsnefnd

Þorbergur Hjalti gaf kost á sér áfram og var hann samþykktur með lófataki.

Endurmenntunarnefnd

Björn lagði til að kosið væri nýtt fólk í nefndina og lagði jafnframt til að fráfarandi stjórn tæki sæti í henni. Þetta var samþykkt með lófataki.
Harpa Dís Harðardóttir (formaður)
Bjarni Diðrik Sigurðsson
Björgvin Eggertsson

Skoðunarmenn reikninga

Jón Geir Pétursson
Lilja Magnúsdóttir

10. Ný stjórn kynnrir starfsáætlun sína fyrir 2010-2012

Aðalsteinn kynnti hvað ný stjórn hyggst gera. Þeir munu byggja á því sem búið er að gera. Vilja gjarnan að starfið sem lýtur að Gunnarslundi verði sýnilegra og efla samheldni í félaginu. Ýmsar hugmyndir.

- Hressileg fjarfunda-seminör.
- Skógfræðilegar skoðunarferðir
- Nota félagið sem verkfæri í faglegri kynningu og umræðu, t.d. með því að senda frá því ályktanir um mál sem brenna.

Sigvaldi beinir því til stjórnar að félagið gangi í það að það verði sett sem formlegur umsagnaraðili um lagafrumvörp og reglugerðir sem varða skógræktarmál. Það er hægt að gera með sérstakri umsókn í forsætisráðuneytinu.

11. Önnur mál

- a. *Boð um að taka þátt í Búfræðingatali*
Björgvin kynnir málið og jafnframt að Bjarni Diðrik er áhugasamur um að útbúa staðlaða undirsíður inn á heimasíðuna um hvern skógræðing. Fundarmenn vildu fremur fara þá leið en að taka þátt í Búfræðingatali. Stjórn ætlar að aðstoða Bjarna við að útbúa þetta. Stjórn falið að tilkynna Einari frá Skörðugili frá niðurstöðu fundarins.
- b. *Hvað skal gera við þá sem hafa ekki greitt árgjöld?*
Vísað til næstu stjórnar.
- c. Björgvin kynnti: sent út tilboð um að ganga í félagið. Hversu lengi á þetta tilboð að gilda. Vísað til Námsmatsnefndar að senda út bréf til eftirfylgni og hversu lengi tilboðið á að gilda.
- d. *Tillaga að lógó fyrir félagið*
Harpa kynnir tvær tillögur að lógói fyrir félagið. Fundarmenn sammála um að hvorugt sé hæft í óbreyttu formi. Vísað til næstu stjórnar að annað hvort láta gera breytingar á því lógói sem hlaut stuðning fundarmanna (þríóxullinn með axinu) eða (láta) útbúa nýtt fyrir næsta aðalfund.
- e. *Verklag við ályktanir*
Ályktun frá síðasta aðalfundi (2009) lesin aftur upp. Umræða um hvort þetta sé rétt leið. Ályktun endurnýjuð óbreytt:

Ef stjórn telur að félagið eigi að álykta opinberlega um fagleg málefni sem ef til vill verða umdeild meðal félagsmanna ber henni að senda ályktunina með tölvupósti á alla félagsmenn áður en hún er birt og biðja þá að greiða atkvæði með eða á móti birtingu hennar. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður hvort ályktun stjórnar verður birt. Þetta er að svo komnu það vinnulag sem núverandi stjórn hyggst beita, en hvetur jafnframt til að framtíða stjórnir komi þessu eða öðru verklagi sem þær kjósa inn í lög félagsins.
- f. Ritstjóri heimasíðu félagsins?
Bjarni Diðrik óskaði eftir hvort einhver hefði áhuga á að taka við heimasíðunni og þróa hana frekar. Engir sjálfboðaliðar gáfu sig fram. Hann lýsti því þá að hann væri tilbúinn að gerast ritstjóri heimasíðu félagsins. Samþykkt með lófataki.
- g. Næsta stjórn (2012)
Vesturland og Vestfirðir.
- h. Bergsveinn – nánari umræða um heiðursfélaga. Hugmynd kom um að endurskoða löggin um heiðursaðild og bjóða þeim sem voru listaðir voru í fundargerð Aðalfundar 2006. Samþykkt.
- i. Aðalsteinn. 5 júní – afmælisdagur Freysteins Sigurðssonar. Setja upp vinnuferð í Haukadal.

Björgvin þakkar fráfarandi stjórn samstarfið síðustu tvö árin og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í sínum störfum.

Aðalsteinn fór yfir komandi starfsár og sleit fundi.

VIÐAUKI :

Selfoss 16. mars 2010

Skýrsla stjórnar Skógfræðingafélags Íslands fyrir árið 2009, lesin á aðalfundi félagsins þann 24. mars 2010 á Hótel Stykkishólmi.

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands (SkfÍ) var haldinn í Félagsheimili Þróttar, Laugardal, Reykjavík fimmtudaginn 16. apríl 2009, á sama tíma og Fagráðstefna í skógrækt fór fram á sama stað. Öll stjórn félagsins sat áfram samkvæmt samþykkt á síðasta aðalfundi, en verður henni nú allri skipt út á þessum aðalfundi hér á Stykkishólmi fyrir stjórn af SV- horninu. Fráfarandi stjórn skipa Björgvin Örn Eggertsson formaður, Harpa Dís Harðardóttir gjaldkeri, Bjarni Diðrik Sigurðsson ritari og varamaður er Böðvar Guðmundsson.

Tveir stjórnarfundur voru haldnir hjá SkfÍ milli aðalfunda 2009 - 10. Fundirnir voru haldnir á skrifstofu Suðurlandsskóga að Austurvegi 3-5 í bæði skiptin.

Sendur var út tölvupóstur til félagsmanna og þeim send jólakveðja. Í sama bréfi voru þeir beðnir um að greiða félagsgjöld uppá 3000 kr. Heimtur voru frekar slakar.

Ákveðið var á síðasta aðalfundi að efna til árlegrar fjölskylduferðar félagsmanna, farið skyldi í dagsferð í skóglendi á því svæði sem stjórn félagsins er af. Auglýst var fjölskyldu ferð í Haukadale laugardaginn 26. júní. Gengið var undir leiðsögn Björgvins og Böðvars um Haukadale í blíðskapar verðri um skóginn og m.a. komið við í Gunnarslundi. Tíu manns mættu í gönguna sem tókst mjög vel og boðið var uppá veitingar í lok göngurnar.

Í sumar var haldinn sýningin "Blóm í bæ" í Hveragerði. Græni geirinn sem er regnhlífarsamtök fagfélaga sem starfa á þessu sviði var þar með lítinn bás þar sem lágu frami bæklingar um aðildarfélag Græna geirans, Skógfræðingafélagið er aðili að samtökunum.

Vorið 2009 var haldið námskeiðið Multivariate analysis of ecological data using CANOCO í samvinnu Endurmenntunar LbhÍ og Skógfræðingafélags Íslands. Um var að ræða tölfraði námskeið fyrir vísindamenn sem Jan Leps prófessor í plöntuvistfræði frá Tékklandi kenndi á. Vísinda menn frá fjölmörgum stofnunum mættu á þetta fimm daga námskeið og létu vel af.

Haustið 2009 var auglýst eitt námskeið í samvinnu Endurmenntunar LbhÍ og Skógfræðingafélags Íslands. Um var að ræða sérhannað jarðvegsnámskeið fyrir skógfræðinga sem þeir Þorsteinn Guðmundsson prófessor í jarðvegsfræðum hjá LbhÍ og Ulfur Óskarsson lektor við LbhÍ kenndu. Námskeiðið var bæði í formi fyrirlestra og vettvangsferðar. Námskeiðið tókst í alla staði vel og var voru þátttakendur mjög ánægðir. Ekki voru margir skógfræðingar sem sóttu námskeiðið.

Í byrjun árs 2010 var heimasíða félagsins www.skogfraedi.is opnuð, þar er að finna ýmsan fróðleik um skógfræðinga og hagsmunamál þeirra. Heimasíðan er unnin af Bjarna Diðrik ritara félagsins og færi ég honum bestu þakki fyrir að hafa varpað félaginu út á veraldarvefinn. Heimasíðan er kominn inn á tenglasafn hjá helstu stofnunum þannig að félagið er orðið sýnilegra en það var. Síðan verður kynnt hér á eftir.

Af og til hefur verið minnst á það við félagsmenn hvort að þeir geti ekki komið með tillögu að merki fyrir félagið. Þetta hefur gengið frekar hægt, nú hefur gjaldkerin tekið sig til og fengið ungan listamann til að koma með tillögu að merki og mun hún kynna það hér á eftir.

Um miðjan janúar fór Formaður á fund í húsnæði Bændasamtaka Íslands með aðilum sem áhuga hafa á að gefa út Búfræðinga/skógfræðingatal. Fyrir þessu sex manna hóp fer Einar frá Skörðugili. Voru fundarmenn mátulega bjartsýnir á að fá styrki til útgáfunnar. Útgáfa bókarinnar mun kosta um 10 milljónir og vonuðust menn eftir styrkjum í helminginn af þeirri upphæð og er skógfræðingum boðið að vera með í bókinni gegn hlutfalslegu gjaldi. Bókin mun greina ýtarlega frá hverjum einstakling fyrir sig.

Unnið var að stofnun Gunnarssjóðs í samvinnu við fjölskyldu Gunnars. Útbúnar voru reglur um sjóðinn sem lagðar verða fram til kynningar og samþykkað hér á eftir.

Inntaka nýrra félaga hefur verið frekar lítil eftir að félagið var stofnað og var leitað allra leiða til að fjölga í félaginu. Samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar félagsins var þeim þrjátíu og fimm einstaklingum sem ekki eru í félaginu en uppfylla kröfur námsmatsnefndar og stjórnar boðið með

bréfi til þeirra dagsettu 25. janúar 2010 að staðfesta inngöngu sína í félagið með því að greiða árgjaldið 2010.

Níu einstaklingar skráðu sig í félagið á árinu. Agnes Brá Birgisdóttir, Bergsveinn Þórsson, Brynjúlfur Jónsson, Friðrik Aspelund, Harpa Dís Harðardóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Sherry Curl, Sigurður Blöndal, Þröstur Eysteinnsson.

Í dag eru 29 félagsmenn. Þar af 26 skógfræðingar og 3 skógtæknar og hefur félagsmönnum fjölgað um níu á síðustu tveimur árum.

Skógfræðingarnir eru:

Aðalsteinn Sigurgeirsson, Agnes Brá Birgisdóttir, Arnór Snorrason, Bergsveinn Þórsson, Björgvin Örn Eggertsson, Björn B. Jónsson, Brynjar Skúlason, Brynjúlfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Fanney Dagmar Baldursdóttir, Friðrik Aspelund, Guðríður Baldvinsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Hreinn Óskarsson, Hrönn Guðmundsdóttir, Johan Wilhelm Holst, Jón Geir Pétursson, Lárus Heiðarsson, Ólafur Erling Ólafsson, Sherry Curl, Sigvaldi Ásgeirsson, Sigurður Blöndal, Valgerður Erlingsdóttir, Þröstur Eysteinnsson og Þorbergur Hjalti Jónsson.

Skógtæknarnir eru:

Böðvar Guðmundsson, Hallgrímur Indriðason og Ólafur G. E. Sæmundsen.

Fyrir hönd stjórnar

Björgvin Örn Eggertsson